

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 15. febrúar kl. 09:08, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 716. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Marta Grettisdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Jón Kjartan Ágústsson, Ingvar Jón B. Gíslason, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Hildur Gunnarsdóttir, Margrét Þormar, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir og Björn Ingi Edvardsson

Ritari var Björgvin Rafn Sigurðarson

Þetta gerðist:

- Grensásvegur 22, Breytingar utan og innan** (01.801.215) Mál nr. BN055787
Skjalnr. 12978
- einnig áður gert
670976-0419 Olav Forum ehf, Grensásvegi 22, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að opnað hefur verið yfir lóðamörk að nr. 24 í mhl. 02 og innréttuð heildverslun í mhl. 02 sem byggður var sem bílgeymsla á lóð nr. 22 við Grensásveg. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Grensásvegur 24, Breytingar utan og innan** (01.801.214) Mál nr. BN055731
Skjalnr. 13107
- einnig áður gert
680501-3350 Samasem ehf., Grensásvegi 22-24, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að opnað hefur verið yfir lóðamörk að nr. 22 og 24 og innréttuð heildverslun í mhl. 02 sem byggður var sem bílgeymsla á lóð nr. 24 við Grensásveg. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Grensásvegur 26, Breytingar utan og innan** (01.801.213) Mál nr. BN055716
Skjalnr. 13454
- einnig áður gert
680501-3350 Samasem ehf., Grensásvegi 22-24, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að saga niður úr gluggum á suðurgafli og koma fyrir flóttastiga ásamt breytingum á innra skipulagi og innréttuð gististað í flokki II fyrir 23 gesti sem verður rekið með gistiheimili á lóð nr. 24 og blómaheildsölu í mhl. 02, að auki er gerð grein fyrir áður gerðum breytingum sem eru stækkun sólskála á 2. hæð, bygging utanum gám við suðurgافل, lækkun gólfs í kjallara, bygging gróðurskála milli mhl. 01 og 02 að hluta til inná lóð nr. 24 ásamt því að breytingar hafa verið gerðar á innra skipulagi og opnað yfir lóðamörk að nr. 24 í bakhúsi á lóð nr. 22 við Grensásveg. Stækkun, útigeymsla: 51,9 ferm., 145,3 rúmm. Gróðurskáli og tengigangur: 212 ferm., 632,9 rúmm. Sólskáli: 21,6 ferm., 55,5 rúmm. Samtals: 285,7 ferm., 833,7 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

4. **Laugavegur 145, (fsp) bílastæði** (02.221) Mál nr. SN190080
Skjalnr. 13328
411112-0200 Mannverk ehf., Dugguvogi 2, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Mannverks ehf. dags. 8. febrúar 2019 ásamt bréfi dags. 5. febrúar 2019 varðandi fjölda bílastæða á lóð nr. 145 við Laugaveg.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
5. **Hallveigarstígur 1, ósk um endurskoðun á** (01.171.2) Mál nr. SN190085
eldri umsóknum um lengri opnunartíma
veitingastaðar Skjalnr. 6011
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
640615-0950 Mid Atlantic ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 11. febrúar 2019 ásamt erindi Arnars Bjartmarz dags. 10. febrúar 2019, þar sem óskað er eftir endurskoðun á eldri umsóknum um lengri opnunartíma veitingastaðar fyrir vínveitingar að Hallveigarstíg 1 með tilliti til heimilda á öðrum stöðum, er vísað til meðferðar skipulagsfulltrúa.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
6. **Samþykkt um skilti í lögsögu Reykjavíkur,** Mál nr. SN170096
Skjalnr. 8288
Skilti í lögsögu Reykjavíkur
Kynnt drög starfshóps varðandi samþykkt um skilti í lögsögu Reykjavíkur dags. 6. apríl 2018 ásamt korti. Einnig er lögð fram skýrsla Lisku, dags. í apríl 2018. Jafnframt er lögð fram umsögn skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 7. júní 2018.
Vísad til skipulags- og samgönguráðs.
7. **Skólavörðustígur 2, (fsp) skilti** (01.171.2) Mál nr. SN190070
Skjalnr. 12607
630916-1510 Skólavörðustígur 2 ehf., Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. febrúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Skólavörðustígs 2 ehf. dags. 28. janúar 2018 um að setja LED skilti/auglýsingaskilti á hlið hússins á lóð nr. 2 við Skólavörðustíg. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019.
8. **Eyjarslóð 9, staðsetning ökutækjaleigu** (01.110.5) Mál nr. SN190087
Skjalnr. 14078
540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
Lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 8. febrúar 2019 þar sem óskað er eftir umsögn vegna leyfis Vilmundar ehf. til reksturs ökutækjaleigu með gildistíma frá 7. júní 2016. Verið er að flytja starfsemi ökutækjaleigunnar frá Krókhálsi 4 að Eyjarslóð 9. Sótt er um þrjú ökutæki í útleigu á starfstöð á Eyjarslóð.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
9. **Grettisgata 54B, Innrétta íbúð jarðhæð -** (01.190.110) Mál nr. BN055776
breytingar á efri hæðum Skjalnr. 12880
550305-0380 Reir ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
Rannveig Eir Einarsdóttir, Sæbraut 9, 170 Seltjarnarnes
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til þess að fjarlægja tvo glugga á norðvesturhlið 2. hæðar ásamt því að innrétta íbúð á jarðhæð og breyta staðsetningu á eldhúsum efri hæða í húsi á lóð nr. 54b við Grettisgötu. Gjald kr. 11.200
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

10. **Klettagarðar 8-10, breyting á deiliskipulagi** (01.322.1) Mál nr. SN190059
Skjalnr. 7991
461009-0420 Klettur - sala og þjónusta ehf., Klettagörðum 8-10, 104 Reykjavík
591184-1139 Möndull verkfræðistofa ehf, Birkihlíð 8, 105 Reykjavík
KÁ embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. febrúar 2019 var lögð fram umsókn Sveinbjörns Jónssonar dags. 29. janúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 8-10 við Klettagarða. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit fyrir áfanga 2 um 3 metra til norðausturs í átt að lóðarmörkum við Skarfagarða annarsvegar og fá nýjan 60 fm. byggingarreit við norðausturhorn núverandi húsnæðis, samkvæmt uppdr. Möndull verkfræðistofu ehf. dags. 14. febrúar 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Klettagörðum 6, 12 og Skarfagörðum 2, 4, 8.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gr. 7.6 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg 1231/2018. Grenndarkynning hefst þegar greitt hefur verið fyrir grenndarkynningu.
11. **Skúlagata 13/Hverfisgata 105, staðsetning** (01.154) Mál nr. SN190092
Skjalnr. 10028
ökutækjaleigu - breyting á heimilisfangi starfsstöðvar
540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
Lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 11. febrúar 2019 þar sem óskað er eftir umsögn vegna leyfis Nordic car rental ehf. til reksturs ökutækjaleigu með gildistíma frá 7. júní 2018. Verið er að flytja starfsemi ökutækjaleigunnar frá Funahöfða 6 að Skúlagötu 13. Sótt er um leyfi fyrir 15 ökutækjum í útleigu frá aðalútibúi. Einnig er óskað eftir útibúi ökutækjaleigunnar að Hverfisgötu 105 þar sem óskað er eftir 3 ökutækjum til útleigu frá þeim stað.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
12. **Rauðarárstígur 26, (fsp) - Endurbyggja** (01.243.107) Mál nr. BN055757
Skjalnr. 13835
svalir - 2.hæð
Helga Guðrún Óskarsdóttir, Rauðarárstígur 26, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem spurt er hvort leyfi fengist til þess að fjarlægja núverandi svalir og byggja þess í stað nýjar nútímalegri svalir ásamt því að síkka glugga og stækka hurðaop fyrir gólfsíðan glugga með rennihurð út á svalirnar á 2. hæð húss við lóð 26 við Rauðarárstíg.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
13. **Silfratjörn 26-32, (fsp) stækkun á** (05.052.4) Mál nr. SN190043
Skjalnr. 14072
byggingarreit
681206-0510 Stéttfélagið ehf., Breiðhelli 12, 221 Hafnarfjörður
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Stéttarfélagsins ehf. dags. 16. janúar 2019 um stækkun á byggingarreit lóðarinnar nr. 26-32 við Silfratjörn. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019.
14. **Úlfarsárdalur, breyting á deiliskipulagi** (02.6) Mál nr. SN190094
Skjalnr. 9615
vegna lóðanna Gefjunarbrunnur 10, 11 og 12 og Iðunnarbrunnur 10 og 12
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa um breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðanna nr. 10, 11 og 12 við Gefjunarbrunn og 10 og 12 við Iðunnarbrunn. Í breytingunni felst lítilsháttar stækkun á byggingarreitum, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 12. febrúar 2019
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Iðunnarbrunni 8, 14, Gefjunarbrunni 8, 9, 13, 14 og Freyjubrunni 1, 3-5, 7-9, 11, 13, 15-21.

15. **Úlfarsbraut 112, (fsp) breyta** (02.698.5) Mál nr. SN180873
einbýlishúsalóð í fjölbýlishúsalóð Skjalnr. 12152
540814-0230 Kjarland ehf., Lágmúla 6, 108 Reykjavík
570394-2079 Mansard - Teiknistofa ehf., Holtsbúð 27, 210 Garðabær
Lögð fram fyrirspurn Jóns Hrafn Hlökkverssonar dags. 19. desember 2018 ásamt greinargerð dags. 18. desember 2018 um að breyta einbýlishúsalóð nr. 112 við Úlfarsbraut í 6 íbúða fjölbýlishúsalóð. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019.
16. **Lambhagavegur 7, Þrilyft atvinnuhúsnæði** (02.647.501) Mál nr. BN055624
Skjalnr. 13983
660917-1600 SG4 ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteypt þrilyft atvinnuhúsnæði, einangrað að utan, á lóð nr. 7 við Lambhagaveg. Lagður fram tölvupóstur frá embætti byggingarfulltrúa dags. 13. febrúar 2019 þar sem umsagnarbeiðni er dregin til baka. Stærðir: 4.246,7 ferm., 22.273,5 rúmm. Erindinu fylgir greinargerð arkitekts ódagsett og útreikningur á orkuramma dagsettur 20. desember 2018. janúar 2019. Gjald kr. 11.000
Erindið er dregið til baka sbr. tölvupóstur dags. 13. febrúar 2019.
17. **Lambhagavegur 7, breyting á deiliskipulagi** (02.647.5) Mál nr. SN190079
Skjalnr. 13983
660917-1600 SG4 ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
581298-3589 Kristinn Ragnarsson, arkit ehf., Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur
Lögð fram erindi Kristins Ragnarssonar dags. 7. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturlandsvegar-Halla, atvinnusvæði, vegna lóðarinnar nr. 7 við Lambhagaveg. Í breytingunni felst að stækka byggingareit á 1. hæð/jarðhæð um 10 metra til austurs allt að lóðarmörkum og stækkun um 10 metra á norður- og suðurhlíð. Við þetta hækkar nýtingarhlutfall lóðar, samkvæmt uppdr. KRark dags. 12. júní 2018.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Lambhagavegur 1, 3, 9, 13, 15.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gr. 7.6 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018. Grenndarkynning hefst þegar greitt hefur verið fyrir grenndarkynningu.
18. **Laugavegur 100, (fsp) hækkun húss** (01.174.3) Mál nr. SN190023
Skjalnr. 12497
701205-2000 Tvíeyki ehf., Skildinganesi 11, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Tvíeyki ehf. dags. 10. janúar 2019 um hækkun hússins á lóð nr. 100 við Laugaveg um eina inndregna, samkvæmt uppdr. Tvíeyki ehf. dags. 1. desember 2018. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019.

19. **Ljárskógar 29, breyting á deiliskipulagi** (04.942.4) Mál nr. SN180853
Skjalnr. 13945
450400-3510 VA arkitektar ehf, Borgartúni 6, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. janúar 2019 var lögð fram umsókn Richards Ólafs Briem dags. 12. desember 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Seljahverfis vegna lóðarinnar nr. 29 við Ljárskóga. Í breytingunni felst að gerður er byggingarreitur fyrir sérstæða, tvöfalda bílageymslu í suðvesturhorni lóðarinnar og að breyta núverandi innbyggðri bílageymslu ásamt geymslurými á jarðhæð í íbúð, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 21. janúar 2019. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Hléskógum 19, 21, Ljárskógum 26, 27
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gr. 7.6 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018. Grenndarkynning hefst þegar greitt hefur verið fyrir grenndarkynningu.
20. **Suðurlandsbraut 16, (fsp) Ármúli 13A -** (01.263.1) Mál nr. SN190088
Skjalnr. 5524
breyting á deiliskipulagi
711096-2059 S30 ehf., Síðumúla 30, 108 Reykjavík
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn T.ark Arkitekta ehf. dags. 12. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Ármúla, Vegmúla, Hallarmúla vegna lóðarinnar nr. 16 við Suðurlandsbraut sem felst í að stækka byggingarreit að Ármúla 13A (á lóð nr. 16 við Suðurlandsbraut) til að koma fyrir flóttastiga á austurhlíð.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
21. **Vífilsgata 19, (fsp) hækkun á þaki** (01.243.1) Mál nr. SN190032
Skjalnr. 14069
Hrafnhildur Sif Þórólfsdóttir, Vífilsgata 19, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Hrafnhildar S. Þórólfsdóttur dags. 8. janúar 2019 um að hækka þak hússins á lóð nr. 19 við Vífilsgötu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019.
22. **Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi, nýtt** Mál nr. SN180683
deiliskipulag Skjalnr. 8534
510209-0440 D18 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Lögð er fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 2. október 2018 um nýtt deiliskipulag fyrir svæði sem afmarkast af Dunhaga 18-20, Hjarðarhaga 27-33 og Tómasarhaga 32-46. Í tillögunni felst m.a. niðurrif og uppbygging á lóð nr. 18-20 við Dunhaga auk bílskúrsheimilda á tveimur lóðum, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 11. desember 2018. Einnig er lagt fram leiðrétt skuggvavarp THG dags. 8. febrúar 2019, upphaflega dagsett 1. október 2018. Jafnframt eru lögð fram drög að húsakönnun Borgarsögusafns Reykjavíkur.
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

23. **Fálkagata 10, Bæta þriðju hæð við og svölum á 2. hæð.** (01.553.122) Mál nr. BN055722 Skjalnr.
- 430304-3640 Landslagnir ehf., Lautarvegi 30, 103 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. febrúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að bæta við 3. hæð úr timbri ofan á núverandi steinsteypt hús, endurskipuleggja núverandi íbúðir og bæta við svölum á sitt hvora íbúðina á 2. hæð hússins á lóð nr. 10 við Fálkagötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. febrúar 2019. Stækkun: 100,9 ferm., 209,9 rúmm. Erindinu fylgir umboð eiganda dagsett 12. apríl 2018 og skýringarmyndir hönnuða dagsettar 17. ágúst 2017. Gjald kr. 11.200
EKKI ERU GERÐAR SKIPULAGSLEGAR ATHUGASEMDIR VIÐ ERINDIÐ SBR UMSÖGN SKIPULAGSFULLTRÚA DAGS. 13. FEBRÚAR 2019.
24. **Hverfisgata 88, Fjölbylis- og verslunarhúsnæði** (01.174.003) Mál nr. BN055758 Skjalnr. 13732
- 680217-2380 Hverfisgata 92 ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að endurbyggja og breyta þriggja hæða húsi sem áður stóð við Hverfisgötu 92 og til að endurbyggja Hverfisgötu 90A á steiptum kjallara á nýrri lóð nr. 88A við Hverfisgötu. Stækkun, A-rými: xx ferm., xx rúmm. Eftir stækkun, A-rými: 716,8 ferm., 2.167,7 rúmm. B-rými: xx ferm., xx rúmm. Gjald kr. 11.200
VÍSAÐ TIL UMSAGNAR VERKEFNISSTJÓRA.
25. **Hverfisgata 88, 90 - Breyting á innra/ytra skipulagi** (01.174.003) Mál nr. BN055759 Skjalnr. 13732
- 680217-2380 Hverfisgata 92 ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja miðjukvist og breyta innra skipulagi og útliti fyrrum Hverfisgötu 90 nú á lóð nr. 88A við Hverfisgötu. Stækkun: xx ferm., xx rúmm.
VÍSAÐ TIL UMSAGNAR VERKEFNISSTJÓRA.
26. **Óðinsgata 19, Viðbygging og endurnýjun** (01.184.516) Mál nr. BN055753 Skjalnr. 13616
- 461212-1740 Arctic Tours ehf., Hagamel 34, 107 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. febrúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að endurnýja núverandi byggingu á lóð, MHL-01, og fjölga íbúðum úr 2 í 5 og byggja nýtt þriggja hæða íbúðarhús, MHL-02, með þremur íbúðum á lóðarmörkum lóðar nr. 19 við Óðinsgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019. Stækkun MHL-01: 170,9 ferm., 504,3 rúmm. Stækkun MHL-02: 214,1 ferm., 609,6 rúmm. Erindinu fylgir útreikningur á varmatapi fyrir Mhl-01 og Mhl-02 dagsettir 29. janúar 2019 og afrit af umsögn skipulagsfulltrúa vegna fyrirspurnar um fyrirhugaðar framkvæmdir, dagsett 6. apríl 2017. Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019.
27. **Skógargerði 1, (fsp) - Breyting inni - nýr gluggi svalahurð og svalapallur** (01.837.007) Mál nr. BN055755 Skjalnr. 12273
- Svava Björk Hjaltalín Jónsd., Breiðás 9, 210 Garðabær
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem spurt er hvort leyfi fengist fyrir annars vegar að færa útlit glugga á austurhlið, sem jafnframt er framhlið húss, í upprunalegt horf og hins vegar að bæta við nýjum glugga, hurð og svalapalli með tröppum niður á lóð á vesturhlið húss, sem jafnframt er bakhlið og aðkomuhlið húss á lóð nr 1 við Skógargerði. Einnig er spurt hvort leyfi fengist til að færa eldhús og baðherbergi á 1. hæð. Fyrirspurn fylgja ljósmyndir og skissur.
VÍSAÐ TIL UMSAGNAR VERKEFNISSTJÓRA.

28. **Sléttuvegur 3, Svalahýsi + loka glugga** (01.790.501) Mál nr. BN055745
Skjalnr. 8515
570190-2889 Húsnæðisfélag S.E.M., Sléttuvegi 3, 103 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem sótt er um svalalokun á efstu hæð og lokun á gluggum sökum þrálátra lekavandamála.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
29. **Sléttuvegur 25-27 og Skógarvegur 4-10,** (01.793.1) Mál nr. SN190065
Skjalnr. 13894
breyting á deiliskipulagi
650213-0840 Ölduvör ehf., Brúnavegi Hrafnista, 104 Reykjavík
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Lögð fram umsókn THG Arkitektar ehf. dags. 30. janúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 25-27 við Sléttuveg og 4-10 við Skógarveg. Í breytingunni felst m.a fjölgun íbúða við Sléttuveg 27 um 6 eða úr 54 í 60, þremur viðbótarbílastæðum vegna fjölgunar íbúða verður komið fyrir í bílakjallara Skógarhlíðar 4, breyting á gólfkóta í íbúðarhúsum við Skógarveg 4 og 10, bundin byggingarlína við vesturgafli er felld niður, breyting á lóðarmörkum vegna gangstígar o.fl., samkvæmt uppdr. THG Arkitekts ehf. dags. 24. apríl 2017 síðast lagf. 19. janúar 2019.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
30. **Sæmundargata 2, Sæmundargata 8 - Opið** (01.603.201) Mál nr. BN055732
Skjalnr. 12477
þakskýli fyrir hjól
600169-2039 Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til byggingar á opnu hjólaskýli fyrir reiðhjól á lóð nr. 2 við Sæmundargötu. Erindinu fylgir bréf frá hönnuði dags. 25.01.2019 ásamt mæliblaði gefnu út 27.10.2009 og endurúttefni 19.03.2013. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
31. **Vatnsmýrarvegur 16, Opið hjólaskýli** (01.62.-.92) Mál nr. BN055734
Skjalnr.
600169-2039 Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til byggingar á opnu hjólaskýli fyrir 56 reiðhjól við byggingu á lóð nr. 16 við Vatnsmýrarveg. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 25.01.2019. Stærð: XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
32. **Hverfisgata 76, Breyting inni, svalir, breyta** (01.173.009) Mál nr. BN055742
Skjalnr.
skrifstofum í íbúðir
460814-0220 Casula ehf., Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
560997-3109 Yrki arkitektar ehf., Mýrargötu 26, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. febrúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja fernar svalir á suðurhlíð og innréttar fjórar íbúðir á 2. og 3. hæð hússins á lóð nr. 76 við Hverfisgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019. Erindi fylgir samþykki sumra meðeigenda dags. 28. janúar 2019 áritað á uppdrátt. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019 samþykkt.
33. **Granaskjól 48-52, (fsp) stækkun húss** (01.515.3) Mál nr. SN190089
Skjalnr. 11270
Arnbjörn Ingimundarson, Granaskjól 48, 107 Reykjavík
Gunnlaugur Johnson, Árbót, 270 Mosfellsbær
Lögð fram fyrirspurn Arnbjörns Ingimundarsonar dags. 5. febrúar 2019 varðandi stækkun hússins nr. 48 á lóð nr. 48-52 við Granaskjól, samkvæmt uppdr. Gunnlaugs Jónssonar arkitekts dags. 27. janúar 2019.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

34. **Grettisgata 27, Viðbygging, þaksvalir og pallur** (01.173.136) Mál nr. BN055666
Skjalnr. 9856
Ásta Sól Kristjánsdóttir, Grettisgata 27, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. febrúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingar úr timbri á steypum sökkli við norðaustur- og suðausturhlíð með þaksvölum, auk palls framan við viðbyggingu norðausturhlíðar húss á lóð nr. 27 við Grettisgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 17. janúar 2019. Stækkun: 82,1 ferm., 236,0 rúmm. Gjald kr. 11.200
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019.
35. **Hverfisgata 106, (fsp) geymsluskúr á baklóð** (01.174.1) Mál nr. SN190002
Skjalnr. 13321
440507-1310 Gunnfánar ehf., Ármúla 38, 108 Reykjavík
700316-0250 Noland Arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. febrúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Noland Arkitekta ehf. dags. 2. janúar 2018 ásamt greinargerð ódags. um að setja geymsluskúr á baklóð lóðarinnar nr. 106 við Hverfisgötu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. febrúar 2019.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. febrúar 2019.
36. **Kárastígur 1, (fsp) - Léttar svalir** (01.182.308) Mál nr. BN055730
Skjalnr. 7834
Eiríkur Jónsson, Kárastígur 1, 101 Reykjavík
Oddný Sigurðardóttir, Kárastígur 1, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. febrúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. febrúar 2019 þar sem spurt er hvort leyft yrði að byggja svalir við sólstofu á bakhlið húss á lóð nr. 1 við Kárastíg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019 samþykkt.
37. **Njálsgata 51, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.190.1) Mál nr. SN190078
Skjalnr. 13289
Sara Marti Guðmundsdóttir, Njálsgata 51, 101 Reykjavík
Jeannot A Tsirenge, Fellsmúli 15, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Jeannot A. Tsirenge dags. 6. febrúar 2019 um breytingu á deiliskipulagi Njálsgöturéits vegna lóðarinnar nr. 51 við Njálsgötu sem felst stækkun á 2. hæð hússins, samkvæmt uppdr. Jeannot A. Tsirenge arkitekts dags. 4. febrúar 2019.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
38. **Skólavörðustígur 25, (fsp) bakhús** (01.182.2) Mál nr. SN190053
Skjalnr. 7046
Jón Þór Þorvaldsson, Logafold 128, 112 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Jóns Þórs Þorvaldssonar dags. 18. janúar 2019 varðandi byggingu einnar hæða bakhúss á lóð nr. 25 við Skólavörðuholt með tveimur íbúðum, samkvæmt uppdr. Úti og inni arkitekta dags. 16. janúar 2019.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

39. **Stakkahlíð 1, Opið hjólaskýli** (01.271.101) Mál nr. BN055733
Skjalnr. 10057
600169-2039 Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til byggingar á opnu hjólaskýli með þaki á lóð nr. 1 við Stakkahlíð.
Með erindinu fylgir bréf frá hönnuði dags. 25.01.2019 ásamt mæliblaði 1.271.1, fyrst útgefið 03.04.1986 og endurútgefið 15.05.2018 og hæðablaði útgefnu í desember 2017.
Stærð: XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
40. **Ármúli 7, breyting á deiliskipulagi** (01.262.1) Mál nr. SN190050
Skjalnr. 6528
530117-0730 Reitir - skrifstofur ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
Lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 23. janúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar, Hallarmúla, Ármúla og Vegmúla vegna lóðarinnar nr. 7 við Ármúla. Í breytingunni felst að tengja núverandi byggingar Ármúla 7 við rekstur hótelsins í Ármúla 9, bæta inndreginni hæð ofan á tengibyggingu, byggingarreitur við tengibyggingu verður færður inn frá Ármúla og í staðinn færast byggingarreitur út við vesturgafli þar sem ný flóttaleið verður byggð, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 23. janúar 2019.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Ármúla 5 og 9. Vakin er athygli á að erindið fellur undir gr. 7.6 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018. Grenndarkynning hefst þegar greitt hefur verið fyrir grenndarkynningu.
41. **Ármúli 7, Hótel - Fjölgun herbergja og tímabundin opnun milli lóða nr. 7 og 9.** (01.262.101) Mál nr. BN055605
Skjalnr. 6528
530117-0730 Reitir - skrifstofur ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta hótel fl. ? tegund ? með 55 herbergjum, viðtalsherbergi í mhl. 04, rífa niður mhl.01 sem er tengibygging og byggja hana upp og hækka og tengja hana við mhl. 04 og við hús á Ármúla 9 á lóð nr. 7 við Ármúla. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019. Greinagerð um hljóðvist dags. 18. desember 2018, umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 17. desember 2018 fylgja erindi. Stækkun og niðurrif: XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 11.000
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019 samþykkt.
42. **Ármúli 9, Opna á milli hótelsins - Ármúla 7 og 9 og koma fyrir flóttasvalir á 5 hæð** (01.263.001) Mál nr. BN055606
Skjalnr. 6502
530117-0300 Reitir - hótel ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að opna á milli 1. 2. 3. og 4 hæðar inn á nýja tengibyggingu, mhl. 01, á lóð nr. 7 og á 5. hæð að opna út á nýjar svalir sem nota á sem flóttasvalir og fara út yfir lóð nr. 7 á húsinu á lóð nr. 9 við Ármúla. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019 samþykkt.
43. **Briertartún 3-5, breyting á deiliskipulagi** (01.22) Mál nr. SN180596
Skjalnr. 13895

530416-0890 J.E. 101 ehf., Stórhöfða 33, 110 Reykjavík
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 22. ágúst 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits 1.220.0 vegna lóðarinnar nr. 3-5 við Bríetartún. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit til norðausturs og auka nýtingarhlutfall þannig að heimilaðar verði þrjár hæðir með inndregni þakhæð sem snýr að Bríetartúni, en fimm hæðir að aukinni inndregni þakhæð á norðaustur hluta lóðar, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 22. ágúst 2018. Einnig er lagt fram bréf THG Arkitekta ehf. dags. 22. ágúst 2018. Tillagan var auglýst frá 28. desember 2018 til og með 8. febrúar 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Veitur ohf. dags. 31. janúar 2019. Einnig lögð fram netsamskipti við Borgarsögusafn vegna húsakönnunar og fornleifaskráningar 28. desember 2018 -15. febrúar 2019.

Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

44. **Háagerði 21, Bílageymsla - sólstofa** (01.815.211) Mál nr. BN055657
Skjalnr. 14070
Ólafur Þorsteinsson Briem, Háagerði 21, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. febrúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílageymslu á norðvesturhlíð, byggja sólstofu við eldhús ásamt því að byggja yfir svalir og gera franskar svalir á svefnherbergi á 2. hæð raðhúss á lóð nr. 21 við Háagerði. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. janúar 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. janúar 2019. Einnig fylgir bréf umsækjanda dags. 30. janúar 2019. Stækkun: 55,7 ferm., xx rúmm. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019 samþykkt.
45. **Hólmgarður 6, Viðbygging - hækka þak - kvistir - svalir** (01.818.203) Mál nr. BN055762
Skjalnr. 11391
470115-1140 Hækkun ehf., Klettási 19, 210 Garðabær
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem sótt er um að hækka þak og byggja kvisti til norðurs og suðurs ásamt því að innrétta íbúðarrými í risi, reisa viðbyggingu á tveimur hæðum til suðurs ásamt svölum fyrir 2. hæð og svölum á þaki viðbyggingar aðgengilegum úr risi íbúðarhúss á lóð nr 6 við Hólmgarð. Um er að ræða tveggja hæða íbúðarhús með tveimur íbúðum og sérinngangi. Samliggjandi er samhverft hús á lóð nr 8 og er verið að sækja um samskonar breytingu á því húsi. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019. Erindi fylgir óþinglýst yfirlýsing og kvöð um samþykki eigenda Hólmgarðs 6 og 8 dags. október 2018. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019 samþykkt.
46. **Hólmgarður 8, Viðbygging - hækka þak - kvistir - svalir** (01.818.204) Mál nr. BN055763
Skjalnr. 11392
470115-1140 Hækkun ehf., Klettási 19, 210 Garðabær
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem sótt er um að hækka þak og byggja kvisti til norðurs og suðurs ásamt því að innrétta íbúðarrými í risi, reisa viðbyggingu á tveimur hæðum til suðurs ásamt svölum fyrir 2. hæð og svölum á þaki viðbyggingar, aðgengilegum úr risi íbúðarhúss á lóð nr 8 við Hólmgarð. Um er að ræða tveggja hæða íbúðarhús með tveimur íbúðum og sérinngangi. Samliggjandi er samhverft hús á lóð nr 6 og er verið að sækja um samskonar breytingu á því húsi. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019. Erindi fylgir óþinglýst yfirlýsing og kvöð um samþykki eigenda Hólmgarðs 6 og 8 dags. október 2018. Gjald kr. 11.200
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019 samþykkt.
47. **Hólmgarður 25, Viðbygging - hækka þak - kvistir - svalir** (01.818.111) Mál nr. BN055764
Skjalnr. 14080

470115-1140 Hækkun ehf., Klettási 19, 210 Garðabær

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem sótt er um að hækka þak og byggja kvisti til norðurs og suðurs jafnframt því að innrétta íbúðarrými í risi, reisa viðbyggingu á tveimur hæðum til suðurs ásamt svölum fyrir 2. hæð og svölum á þaki viðbyggingar, aðgengilegum úr risi íbúðarhúss á lóð nr 25 við Hólmgarð. Um er að ræða tveggja hæða íbúðarhús með tveimur íbúðum með sérinnngangi. Samliggjandi er samhverft hús á lóð nr 27 og er verið að sækja um samskonar breytingu á því húsi. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019. Erindi fylgir þinglýst yfirlýsing og kvöð um samþykki eigenda Hólmgarðs 25 og 27 dags. 30. október 2018. Gjald kr. 11.200

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019 samþykkt.

48. **Hólmgarður 27, Viðbygging - hækka þak -** (01.818.112) Mál nr. BN055765
kvistir - svalir Skjalnr.

470115-1140 Hækkun ehf., Klettási 19, 210 Garðabær

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem sótt er um að hækka þak og byggja kvisti til norðurs og suðurs jafnframt því að innrétta íbúðarrými í risi, reisa viðbyggingu á tveimur hæðum til suðurs ásamt svölum fyrir 2. hæð og svölum á þaki viðbyggingar, aðgengilegum úr risi íbúðarhúss á lóð nr 27 við Hólmgarð. Um er að ræða tveggja hæða íbúðarhús með tveimur íbúðum með sérinnngangi. Samliggjandi er samhverft hús á lóð nr 25 og er verið að sækja um samskonar breytingu á því húsi. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019. Erindi fylgir þinglýst yfirlýsing og kvöð um samþykki eigenda Hólmgarðs 25 og 27 dags. 30. október 2018. Gjald kr. 11.200

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2019 samþykkt.

49. **Fossvogur brú, deiliskipulag** (01.8) Mál nr. SN160764
Skjalnr. 12982

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. febrúar 2019 var lögð fram umsögn Skipulagsstofnunar dags. 15. janúar 2019, þar sem bent er á fella þarf út af uppdrætti fyrirhugaða Skerjafjarleið til vesturs. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt lagf. uppdr. Alta dags. 1. október 2018 br. 21. janúar 2019, lagf. greinargerð Alta dags. 1. október 2018 br. 21. janúar 2019, umsögn Alta um athugasemdir dags. 5. febrúar 2019 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019 samþykkt.

50. **Gufunes, áfangi 1, deiliskipulag** (02.2) Mál nr. SN170476
Skjalnr. 7808

590269-5149 Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík

Lagður er fram tölvupóstur Skipulagsstofnunar, dags. 3. janúar 2019, varðandi nokkur ósvöruð atriði í uppfærðum skipulagsgögnum, þ.e. greinargerð og uppdráttum fyrir skipulag í Gufunesi 1. áfanga. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 25. janúar 2019, lagf. uppdrættir Jvantspijker dags. 11. maí 2018 síðast br. 1. febrúar 2019 og lagf. greinargerð og skilmálar Jvantspijker síðast br. 1. febrúar 2019.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

51. **Skálafell, breyting á deiliskipulagi** (35.3) Mál nr. SN190083
Skjalnr. 9914

500299-2319 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Landslags ehf. dags. 8. febrúar 2019 ásamt greinargerð ódags. varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir skíðasvæðið í Skálafelli. Í breytingunni felst m.a. að fella út og sameina byggingarreiti fyrir skíðalyftur, færa byggingarreiti fyrir smáhýsi, minnka það svæði sem skilgreint er fyrir skíðabrekkur, fækka mögulegum bílastæðum o.fl., samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 14. febrúar 2019.

Vísad til skipulags- og samgönguráðs.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gr. 7.5 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

52. **Suður Selás og Norðlingaholt, breyting á** Mál nr. SN190084
deiliskipulagi Skjalnr. 12695

681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík

501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

Lögð fram umsókn Kanon arkitekta ehf. dags. 8. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Suður Seláss og Norðlingaholts. Í breytingunni felst að gera byggingarreit fyrir nýtt lokahús norðan við Breiðholtbraut neðan við Þingás, samkvæmt uppdr. Kanon arkitekta ehf. dags. 8. febrúar 2019.

Vísad til skipulags- og samgönguráðs.

Vakin er athygli á að erindið fellur undir gr. 7.5 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

53. **Vogabyggð svæði 5, nýtt deiliskipulag** (01.45) Mál nr. SN180390
Skjalnr. 13136

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 7. febrúar 2019 þar sem stofnunin ítrekar að hún telur að áform um stækkun smábátahafnarinnar séu í ósamræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030.

Vísad til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra og deildarstjóra aðalskipulags Reykjavíkur.

54. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030,** Mál nr. SN170741
miðsvæði M2c-M2g. Múlar-Suðurlandsb, Skjalnr. 5987
breyting á aðalskipulagi - heimildir um
íbúðarhúsnæði

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 6. febrúar 2019 þar sem stofnunin gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga, þegar tekið hefur verið tillit til athugasemda og ábendinga stofnunarinnar sbr. bréfi. Að öðrum kosti ber að birta athugasemdir Skipulagsstofnunar með tillögunni á auglýsingartíma. Í auglýsingu skipulagstillögunnar skal koma fram að tillagan liggja frammi ásamt athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Vísad til meðferðar deildarstjóra aðalskipulags Reykjavíkur.

55. **Mosfellsbær, aðalskipulag, tillaga að breytingu á aðalskipulagi 2011-2030**

Mál nr. SN180876

Skjalnr. 6368

470269-5969 Mosfellsbær, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. janúar 2019 var lagt fram erindi Mosfellsbæjar dags. 19. desember 2018 þar sem kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 sem felst í breytingu á landnotkun Dallands í suðurhluta Mosfellsbæjar, samkvæmt uppdr. Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. dags. 15. nóvember 2018. Erindinu var vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags og er nú lagt fram að nýju og er lagt fram að nýju ásamt umsögn deildarstjóra aðalskipulags Reykjavíkur dags. 14. febrúar 2019.

Umsögn deildarstjóra aðalskipulags Reykjavíkur dags. 14. febrúar 2019 samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:20.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Marta Grettisdóttir